



Borgarráð

Viðauki við þjónustusamning Vinnumálastofnunnar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að viðauka við þjónustusamning Vinnumálastofnunnar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Viðauki við þjónustusamning Vinnumálastofnunnar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, drög.



VIÐAUKI

við þjónustusamning Vinnumálastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Undirrituð, Vinnumálastofnun kt. 700594-2039 og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, eru sammála um að gera breytingar á gildandi þjónustusamningi um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á grundvelli 1. mgr. 14. gr. samningsins. Samningurinn var upphaflega var gerður milli Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar en Vinnumálastofnun tók yfir réttindi og skyldur Útlendingastofnunar samkvæmt samningnum frá og með 1. júlí 2022.

Gildandi samningur rennur út 30. nóvember 2023 en samningsaðilar eru sammála því að til staðar sé gagnkvæmur vilji til endurnýjunar á samningnum. Viðræður eru hafnar og stefnt að því að þeim verði lokið í mars 2024.

Aðilar eru sammála um að framlengja gildandi samning á meðan samningaviðræður standa yfir til að tryggja samfellda þjónustu til umsækjenda um alþjóðlega vernd og að ekki verði rask á henni. Rétt þykir að framlengja samninginn til sex mánaða en þó þannig að hann falli úr gildi við undirritun nýs samnings gerist það fyrr.

17. gr. samningsins er fjallar um gildistíma og endurskoðun er því breytt þannig að samningurinn gildi frá 1. apríl 2021 - 31. maí 2024, ella við undirritun nýs samnings ef það gerist fyrir 31. maí 2024. Síðari málsliður 17. gr. helst óbreyttur.

Viðaukinn tekur gildi við undirritun, með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs.

Reykjavík xx. nóvember 2023

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Vinnumálastofnunar